

Ferðamynstur og vinnusóknarsvæði Norðanverðir Vestfirðir



Ferðamynstur og vinnusóknarsvæði Norðanverðir Vestfirðir

VIAPLAN.IS

lilja@viaplan.is

Skýrsla 2017-01

26.janúar 2017

Efinsyfirlit

1	Inngangur	4
2	Niðurstöður - samantekt	5
3	Bakgrunnur og forsaga	8
4	Íbúafjöldi og atvinna	10
5	Forsendur og framkvæmd	13
6	Niðurstöður – bakgrunnsupplýsingar.....	16
6.1	Kyn og aldur	16
6.2	Menntun	18
6.3	Möguleiki á að vinna heima	19
6.4	Ferðamáti.....	20
6.5	Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu ?	22
6.6	Ef þér býðist draumastarfið ?	24
6.7	Vegir og tilfinningar	27
6.7.1	Almennt um tegundir vega.....	27
6.7.2	Vegir á norðanverðum Vestfjörðum	30
6.8	Annað.....	34
7	Ferðamynstur	36
7.1	Ísafjörður – Vinnusóknarmynstur.....	37
7.2	Ísafjörður - Búsetumynstur	38
7.3	Bolungarvík – Vinnusóknarmynstur	41
7.4	Bolungarvík – Búsetumynstur	43
7.5	Hnífsdalur – Vinnusóknarmynstur.....	45
7.6	Hnífsdalur – Búsetumynstur	46
7.7	Súðavík – Vinnusóknarmynstur.....	47
7.8	Súðavík – Búsetumynstur	49
7.9	Suðureyri – Vinnusóknarmynstur.....	51
7.10	Suðureyri – Búsetumynstur	52
7.11	Flateyri – Vinnusóknarmynstur	53
7.12	Flateyri – Búsetumynstur.....	54
7.13	Þingeyri – Vinnusóknarmynstur	55
7.14	Þingeyri– Búsetumynstur.....	56
8	Niðurstöður - Vinnusóknarsvæði.....	58
9	Viðauki 1 – Spurningalistinn	61

1 Inngangur

Tilgangur verkefnisins var að rannsaka búsetu starfsfólks á vinnustöðum á norðanverðum Vestfjörðum, til að fá hugmynd um ferðamynstur (e. Commuting patterns) og geta út frá því skilgreint vinnusóknarsvæði. Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.

Ferðamynstur eru erlendis fundin þannig að búseta fólks og starfsstöð er samkeyrð í gagnabönkum hagstofu viðkomandi lands. Hérlendis finnast því miður ekki upplýsingar um starfsstöðvar fólks í opinberum gagnagrunnum, heldur einungis hjá fyrirtækjunum sjálfum eða bara alls ekki. Vonir standa til að þessar upplýsingar verði aðgengilegar á næstu árum, en á meðan svo er ekki, er til önnur leið til að finna þessi mynstur, þ.e. að spyrjast fyrir hjá fyrirtækjum og starfsmönnum sjálfum. Spurningaleiðin getur gefið góða mynd af ferðamynstri og þar af leiðandi vinnusóknarsvæði og því nýst ágætlega í faglegar greiningar í skipulags- og samgöngumálum.

Árið 2015 voru samskonar verkefni unnin annars vegar fyrir Mið-Austurland og hins vegar höfuðborgarsvæðið sem voru einnig bæði styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Samhliða þessu verkefni var einnig unnið verkefni fyrir Akureyri og Húsavík sem styrkt var af Bygðarannsóknarsjóði. Markmiðið með þessum verkefnum er að búa til gagnasafn um ferðamynstur á landinu öllu.

Gagnasafninu er ætlað að styrkja grunngreiningar sem vinna þarf í tengslum við Samgönguáætlun varðandi samgöngubætur innan vinnusóknarsvæða, Landsskipulagsstefnu, Sóknaráætlanir landshluta og aðrar staðbundnar greiningar. Þegar ferðamynstur og vinnusóknarsvæði liggja fyrir er hægt að greina bæði áhrif af skipulagsáætlunum og sömuleiðis sjá hvaða svæði, búsetu, atvinnuveg osfrv þarf að styrkja.

Höfundur skýrslunnar ber ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar.

Þakkið er Ásta Þorleifsdóttir hjá Innanríkisráðuneytinu, Einar Jónsson hjá skipulagsstofnun og Árni Ragnarsson hjá Bygðastofnun sem aðstoðuðu við verkefnið.

2 Niðurstöður - samantekt

Heildarfjöldi vinnandi fólks á aldrinum 20-67 ára á norðanverðum Vestfjörðum er 2.745, af þeim tóku 256 þátt í verkefninu eða 9,3%. Auk þessa svöruðu 5 aðilar frá öðrum sveitarfélögum einnig spurningalistanum. Lagðar voru annars vegar fyrir almennar spurningar um bakgrunn fólks, ferðamáta og almennan vilja til að ferðast og hins vegar voru lagðar fyrir fólk spurningar um búsetu og staðsetningu vinnustaðar. Helstu niðurstöður úr almennu spurningunum voru þær að langstærsti hluti svarenda vill vinna nálægt heimili sínu sé þess kostur eða í innan við 5-10 mín ferðalengd. Ennfremur eru eingöngu um 10-15% svarenda tilbúnir að ferðast meira en 30 mín daglega til vinnu jafnvel þó svo að um draumastarf væri að ræða. Nánari niðurstöður úr almennu spurningunum má sjá í kafla 6.

Megintilgangur verkefnisins var að fá hugmynd um ferðamynstur (e. Commuting patterns) og geta út frá því skilgreint vinnusóknarsvæði. Í kafla 7 eru sýnd ferðamynstur (vinnusóknarmynstur og búsetumynstur) fyrir norðanverða Vestfirði og þar kemur í ljós að fólk virðist almennt ekki vera jafn hreyfanlegt og höfundur hafði gert sér í hugarlund áður en niðurstöður lágu fyrir.

Hugtakið vinnusóknarsvæði hefur verið notað frá því árið 2008 þegar kort yfir vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Íslandi var sett fram í samstarfi Bygðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Verklagið við skilgreiningu á svæðunum var einfalt og byggt á staðarþekkingu og upplýsingaöflun starfsmanna atvinnuþróunarfélaganna (Heimild: www.byggdastofnun.is). Skilgreiningin á vinnusóknarsvæði var samkvæmt þessu, svæði þar sem fólk sækir vinnu daglega. Þrátt fyrir einföld viðmið var greining á svæðunum ekki einhlít því mörk sumra samliggjandi vinnusóknarsvæða eru óskýr og sum svæði skarast. Út frá þessarri vinnu voru norðanverðir Vestfirðir skilgreindir sem eitt vinnusóknarsvæði.

Það liggur því ekki fyrir nákvæm skilgreining á hugtakinu vinnusóknarsvæði og í þessu verkefni var því ákveðið að styðjast við sömu skilgreiningu og notast var við í samskonar verkefni fyrir Austurland árið 2015. Vinnusóknarsvæðin voru þannig skilgreind sem þau svæði þar sem 90% af íbúunum vinna. Reyndar var einnig ákveðið að fyrir þau 10% sem eftir standa að ef meira en helmingur þeirra ynni á einum stað myndi sá staður telja með í vinnusóknarsvæði. Þessi skilgreining er að sjálfsögðu opin til umræðu og breytinga.

Niðurstöður þessa verkefnis staðfesta ekki niðurstöður Bygðastofnunar um að allt svæðið geti túlkast sem eitt vinnusóknarsvæði, heldur benda í þá átt að um tvö svæði sé að ræða.

1. Ísafjörður, Bolungarvík, Hnífsdalur, Flateyri, Suðureyri og Súðavík
2. Þingeyri

Niðurstöður þessa verkefnis sýna það skýrt að Ísafjörður er vinnusóknarsvæði fyrir bæjarkjarnana í kring, þ.e. Bolungarvík, Hnífsdal, Súðavík og Flateyri. Vegna fámenns úrtaks frá Suðureyri birtist þorpið eingöngu sem sitt eigið vinnusóknarsvæði, en þar sem vegalengd í Ísafjörð er eingöngu 23 km má fastlega gera ráð fyrir að eitthvað af íbúum Suðureyrar sækji vinnu til Ísafjarðar.

Það er einnig athyglisvert að sjá að þó svo að Ísafjörður teljist vinnusóknarsvæði allra hinna bæjarkjarnanna fyrir utan Þingeyri er ekki hægt að segja það sama í gagnstæða átt, litlu bæjarkjarnarnir teljast ekki vinnusóknarsvæði Ísafjarðar. Þetta þýðir í raun að íbúar Ísafjarðar eru ekki mikið að sækja vinnu utan bæjarins, eini staðurinn sem kemst næst því er Bolungarvík, þar sem 4% íbúa Ísafjarðar sækja vinnu til Bolungarvíkur.

Þingeyri er einnig með fámennt úrtak og kemur líkt og Suðureyri bara út sem sitt eigið vinnusóknarsvæði (enginn sem vinnur utan bæjarkjarnans) en ólíkt Suðureyri er töluvert löng vegalengd (49 km/40 mín) í Ísafjörð og því hæpið að telja Ísafjörð sem vinnusóknarsvæði Þingeyrar. Svör þátttakenda í almennu spurningum verkefnisins benda einnig sterklega í þá átt að flest fólk sé ekki tilbúið til að ferðast meira en 20-30 mín til vinnu í hæsta laga. Út frá þessum niðurstöðum er því í raun á brattann að sækja fyrir Þingeyri að tilheyra nokkru öðru vinnusóknarsvæði en sjálfu sér, einfaldlega út af landfræðilegri legu.

Ennfremur voru þátttakendur spurðir um tilfinningar þeirra til hinna ýmsu vegkafla á norðanverðum Vestfjörðum. Þar kemur nokkuð skýrt í ljós að Súðavíkurlíð er talinn mest fráhrindandi vegkaflinn á svæðinu. Gemlufallsheiði og Flateyrarvegur koma síðan næst á eftir.



Mynd 2-1 Vinnusóknarsvæði fyrir Bolungarvík, 62% af þátttakendum sem búa í Bolungarvíki vinna einnig í Bolungarvík en 36% vinna á Ísafirði.

Það skal tekið fram að þau vinnusóknarsvæði sem eru skilgreind hér miðast við stöðuna eins og hún er í dag, en ekki mögulegar framtíðarspár. Niðurstöðurnar sýna hins vegar skýrt að hafi fólk möguleikann á því, kýs það að vinna nálægt heimabyggð. Það má því velta fyrir sér hvort að framtíðarstefnan eigi að vera sú að reyna að stækka atvinnusvæði og fá fólk til að ferðast meira eða hvort að framtíðarstefnan eigi frekar að

vera sú að reyna að styrkja fleiri byggðarsvæði. Á Norðurlöndunum er notast við skattaafslátt á akstri fólks til vinnu, þegar það þarf að ferðast meira en 20 km til vinnu. Það er gert til þess að reyna að styðja við dreifðari byggðir og var í raun upphafið að því að gögnum um starfsstöðvar fólks var safnað inn hjá hagstofum Norðurlandanna. Hérlandis er slíkur skattafláttur ekki til staðar og því ljóst að það er mjög dýrt fyrir fólk að keyra langar vegalengdir til vinnu hérlandis ef að atvinnuveitandinn tekur ekki þátt í kostnaði.

Það er síðan eindregin ósk höfundar að þessar niðurstöður verði hvati fyrir ráðamenn til þess að gera gagnasöfnin á landsvísu mögulega í gegnum skattframtöl.

3 Bakgrunnur og forsaga

Árið 2007 var unnin skýrsla fyrir rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar sem heitir „Störf inn í umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins“ <http://www.vegagerdin.is>

Þar kemur fram að upplýsingar um starfafjölda á höfuðborgarsvæðinu (og landinu öllu) liggur ekki fyrir hjá Hagstofunni líkt og tíðkast erlendis.


Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að nálgast þessar upplýsingar eru aðferðir við skráningu upplýsinganna hjá Hagstofu og Ríkisskattstjóra, en skráningin er með þeim hætti að í öllum stærri fyrirtækjum eru allir starfsmenn eingöngu skráðir í höfuðstöðvum. Þetta þýðir t.d. að allir ríkisstarfsmenn eru skráðir með starfsstöð hjá Fjársýslu ríkisins í Sölvhólgötu, sem gefur þar af leiðandi töluvert skakkar niðurstöður ef nota á starfaupplýsingarnar í samfélagsgreiningar. Skortur á þessum upplýsingum þýðir t.d. að við getum ekki svarað því til um hversu margir íbúar Ísafjarðar vinna í Súðavík og hversu margir vinna annars staðar.

Í skýrslunni frá 2007 var bent á leiðir til að breyta þessu og höfðu þeir aðilar sem rætt var við, Samgönguráðuneytið, Vegagerðin, Hagstofan og Ríkisskattstjóri öll áhuga og skilning á verkefninu en töldu hins vegar óljóst hver bæri ábyrgð á málaflokknum og þar af leiðandi hvaðan verkbeiðni og fjármagn ættu að koma. Vandamálið hefur enn ekki verið leyst og því ennþá vöntun á upplýsingunum. Innanríkisráðuneytið, Byggdastofnun og Skipulagsstofnun hafa þó hafið samstarf með það að markmiði að hrinda söfnun upplýsinganna af stað.

Gera má ráð fyrir að nokkur ár munu líða í viðbót áður en upplýsingarnar liggja fyrir og er verkefnið hér því hugsað sem nokkurs konar grunnverkefni sem hægt er að nota niðurstöður úr bæði á meðan beðið er eftir fullum gagnaupplýsingum um starfafjölda og samhliða gögnunum þegar þau liggja fyrir.

Verkefnið snýr að því að rannsaka búsetu starfsmanna atvinnustaða á norðanverðum Vestfjörðum, með það að markmiði að skilgreina vinnusóknarsvæði. Hugtakið vinnusóknarsvæði hefur verið notað frá því árið 2008 þegar kort yfir vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Íslandi var sett fram í samstarfi Byggdastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Kortið var síðan uppfært árin 2011 og 2014 (heimild: www.byggdastofnun.is)

Verklagið við skilgreiningu á svæðunum var einfalt og byggt á staðarþekkingu og upplýsingaöflun starfsmanna atvinnuþróunarfélaganna. (sjá mynd 3-1)




Mynd 3-1 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 og Samgönguáætlun 2015-2018 er einnig unnið með hugtakið vinnusóknarsvæði og skilgreiningu á því, þar sem vinnusóknarsvæði er skilgreint sem stærri þéttbýliskjarni og aðrir minni kjarnar í kring þar sem íbúar geta sótt vinnu til daglega. Samkvæmt þessum greiningum eru norðanverðir Vestfirðir skilgreindir sem eitt vinnusóknarsvæði.

Nákvæm skilgreining á mörkum vinnusóknarsvæða er hins vegar ekki möguleg í dag út af gagnaskorti.

4 Íbúafjöldi og atvinna

Í þessu verkefni voru íbúar norðanverðra Vestfjarða spurðir spurninga, nánar tiltekið íbúar Ísafjarðar, Bolungarvíkur, Hnífsdals, Súðavíkur, Suðureyrar, Flateyrar og Þingeyrar. Við upplýsingasöfnun í bæjarkjörnum kom víða fram hjá íbúum sú tillaga að spyrja einnig íbúa sunnanverðra Vestfjarða. Tíma og fjármagnstakmarkanir verkefnisins gerðu það hins vegar að verkom að ómögulegt var að stækka rannsóknarsvæðið umfram norðanverða Vestfirði.



Mynd 4-1 Verkefnasvæðið

Ísafjörður, Hnífsdalur, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri tilheyrast sveitarfélaginu Ísafjarðarbær en Bolungarvík og Súðavík eru hvort um sig sitt eigið sveitarfélag. Í töflum 4.1 og 4.2 má sjá íbúafjölda og hlutfall karla og kvenna 1.janúar 2016 í bæjarkjörnum.

	Íbúafjöldi		
	Alls	Karlar	Konur
Ísafjörður	2.525	1.254	1.271
Bolungarvík	906	471	435
Hnífsdalur	194	109	85
Súðavík	173	88	85
Suðureyri	278	140	138
Flateyri	206	95	111
Þingeyri	252	126	126
Samtals	4.534	2.283	2.251

Tafla 4-1 Íbúafjöldi eftir bæjarkjörnum skipt eftir kynjum

	Kynjahlutfall	
	Karlar	Konur
Ísafjörður	49,7%	50,3%
Bolungarvík	52,0%	48,0%
Hnífsdalur	56,2%	43,8%
Súðavík	50,9%	49,1%
Suðureyri	50,4%	49,6%
Flateyri	46,1%	53,9%
Þingeyri	50,0%	50,0%

Tafla 4-2 Hlutfall karla og kvenna

Á landsvísu er hlutfall karla örlítið hærra en kvenna, eða 50,2% karlar á móti 49,8% konum og almennt er hlutfallið aðeins skakkara á landsbyggðinni konum í óhag. Hlutföll milli kynjanna eru nokkuð jöfn á Ísafirði Súðavík, Suðureyri og Þingeyri. Í Hnífsdal er töluverð skekkja karlmönnum í vil og á Flateyri er töluverð skekkja konum í vil. Þegar litið er til heildarinnar er skipting á milli kynja á norðanverðum Vestfjörðum nokkuð jöfn með 50,3% karla og 49,7% konur eða nánast það sama á á landsvísu.

Erlendis hefur verið bent á það að í minni bæjum og dreifbýli spili konur lykilhlutverk í að viðhalda byggð¹. Þróun á heimsvísu hefur verið sú að konum fækkar í dreifbýli þar sem atvinnuöguleikar þeirra eru almennt lakari en karla. Jöfn kynjahlutföll í bæjum eru því almennt talin merki um heilbriggt samfélag. Í töflu 4.3 er hægt að sjá nánari skiptingu íbúa eftir aldursbilum

¹ Heimild: Women, Equal opportunities and rural development, Mary Braithwaite, Rural Europe 1996.

	Ísafjörður	Bolungarvík	Hnífsdalur	Súðavík	Suðureyri	Flateyri	Pingeyri
Leikskólaaldur	192	70	15	16	26	17	20
Grunnskólaaldur	308	129	26	22	37	19	32
Framhaldsskólaaldur	158	46	17	11	13	10	12
Vinnandi (20-67 ára)	1.524	561	107	101	179	136	137
Eftirlaun(67+ ára)	343	100	29	23	23	24	51
Samtals	2.525	906	194	173	278	206	252

Tafla 4-3 Íbúafjöldi skipt upp í aldursbil

Heildarfjöldi íbúa á vinnualdri 20-67 ár eru 2.745

5 Forsendur og framkvæmd


Framkvæmd verkefnisins fór þannig fram að byrjað var á að gera spurningalista sem var aðgengilegur til að svara á netinu í gegnum síðuna SurveyMonkey. Spurningar voru í stuttu máli eftirfarandi (heildaruppsetningu spurningalistans má sjá í viðauka 1):

1. Kyn ?
2. Á hvaða aldri ert þú ?
3. Hvar er vinnustaður þinn ?
4. Hvar býrðu ?
5. Hvað er hæsta stig menntunar þinnar ?
6. Hefur þú möguleika í núverandi vinnu að vinna heima hjá þér ?
7. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til vinnu ?
8. Notar þú einhvern annan ferðamáta stundum til vinnu ?
9. Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu þinnar, hvað væri vinnan langt frá heimili þínu ?
10. Ef þér byðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í vinnu ?
11. Hversu aðlaðandi/fráhrindandi eru Fjallvegur/Heiði/Göng/Malbikaður vegur/Malarvegur ?
12. Hversu aðlaðandi/fráhrindandi væru eftirfarandi samgöngumannvirki fyrir þig ef þú þyrftir að ferðast um þau á hverjum degi ?
13. Annað sem þú vilt koma á framfæri ?

Spurningar 1,2 og 5 eru bakgrunnsspurningar um kyn, aldur og menntun. Spurningar 3 og 4 eru meginþema verkefnisins þar sem spurt er annars vegar um vinnustað og hins vegar um búsetu. Spurningar 6 til 13 eru ýmsar viðbótarspurningar til að reyna að ná utan um ferðamáta fólks til vinnu og almennan vilja til að ferðast.

Gengið var í fyrirtæki í öllum bæjarkjörnum á norðanverðum Vestfjörðum á vor og sumarmánuðum 2016 og því síðan fylgt eftir með símtölum til að reyna að fá sem flesta til að taka þátt. Spurningalistinn er þannig gerður að eingöngu er hægt að svara honum einu sinni frá hverri tölvu (IP tölu) sem tryggir að erfiðara er að svindla eða eyðileggja niðurstöðurnar. Ennfremur voru flestar spurningar þannig stilltar að fólk varð að svara þeim til að geta sent niðurstöður inn.


Flest fyrirtæki og stofnanir tóku vel í þátttöku, en það að ganga í fyrirtæki er þó þeim annmörkum háð að flestir af þeim sem svara eru háskólamenntað fólk sem situr fyrir framan tölvu á daginn. Haft var samband við verkalýðsfélagið Verkvest til að kanna hvort þau gætu sent út á netfangalista félagsmanna og ná þannig meiri dreifingu í menntunarstigi þátttakenda. Slíkir netfangalistar reyndust því miður ekki vera til.



Graf 5-1 Menntunarstig þátttakenda í verkefninu

Miklu munaði um aðstoð sveitarfélaganna Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur sem sendu spurningalistann út á alla starfsmenn sína.

Alls tóku 261 manns þátt í verkefninu, þar af 184 frá Ísafirði, 39 frá Bolungarvík, 11 frá Flateyri, 7 frá Hnífsdal, 7 frá Súðavík, 5 frá Þingeyri og 3 frá Suðureyri. Alls eru þetta 256 aðilar eða 9,2% af vinnandi fólki á svæðinu. Fimm önnur svör bárust frá fólki sem býr í öðrum sveitarfélögum en þau svör voru það fá að þau skekkja ekki niðurstöðurnar.



Graf 5-2 Þátttaka skipt niður á bæjarkjarna

Svörun var töluvert misjöfn eftir bæjarkjörnum, auðveldast reyndist að hafa upp á fólki á Ísafirði þar sem flestir vinnustaðir eru en erfiðlegast gekk að ná tali af fólki á Suðureyri og Þingeyri. Töluvert mikið er um erlent vinnuafl á Vestfjörðum og var því brugðið á það ráð að bjóða upp á enska útgáfu af spurningalistanum, en því miður fékkst engin svörun við því.

Í samvinnu við Jónas Guðmundsson Sýslumann á Ísafirði var skoðað að láta þýða spurningalistann yfir á pólsku, en Pólverjar eru stærsti hluti erlendra íbúa á Vestfjörðum. Eftir samtali við tengilinn í pólska samfélagið var okkur hins vegar tjáð að almennt væri mjög erfitt að fá Pólverja til að taka þátt í slíkum verkefnum og því var ekki ráðist í það verkefni.

6 Niðurstöður – bakgrunnsupplýsingar


Eins og áður hefur komið fram eru spurningar 3 og 4 um annars vegar vinnustað og hins vegar búsetu meginþema þessa verkefnis og er nánar fjallað um þær niðurstöður í köflum 7 og 8.

Bakgrunnsupplýsingarnar úr hinum spurningum gerir það hins vegar að verkum að gagnasettið í heild sinni býður upp á töluverða möguleika á greiningum eftir t.d aldri, kyni, menntun og ferðamáta. Sem dæmi að þá væri hægt að skoða hvort ferðamynstrið er mismunandi fyrir konur og karla, ferðast karlar almennt lengra en konur? Sömuleiðis væri hægt að velta því fram hvort að fólk með hærri/minni menntun ferðist lengra, hvort að yngra fólk ferðist styttra osfrv.


Ramminn utan um þetta verkefna var hins vegar knappur sem gerði það að verkum að ekki var hægt að ráðast í allar þessar greiningar í þessu verkefni. Gögn og niðurstöður eru engu að síður sýnd hérna skipt niður eftir kynjum þar sem við á.

6.1 Kyn og aldur

Alls svöruðu 261 aðili spurningalistanum, þar af voru 163 konur og 98 karlar og voru flestir þeirra sem svöruðu á aldrinum 30-60 ára (sjá graf 6.1 og 6.2)




Graf 6-1 Kyn svarenda (%)




Graf 6-2 Aldursdreifing svarenda, skipt eftir kyni.

6.2 Menntun

Eins og áður hefur komið fram var gengið í fyrirtæki og hringt til að fá fólk til að svara spurningalistunum. Annmarkar við þá aðferð er sú að meirihluti svarenda er háskólamenntað fólk í skrifstofustörfum. Reynt var að ná til fólks í gegnum stéttarfélögin til að fá meiri dreifingu í menntunarstig þátttakenda, en þar sem stéttarfélögin áttu því miður ekki netfangalista yfir félagsmenn gekk það ekki upp. Sömuleiðis gekk erfiðlega að fá íbúa minnstu bæjarkjarnanna til að svara. Dreifing á menntunarstigi þátttakenda er því töluvert önnur en á landsvísu. Samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands fyrir árið 2013 var hlutfall fólks á aldrinum 25-64 ára sem eingöngu höfðu lokið grunnmenntun (styttra en framhaldsskóli og iðnskóli) 27,8%, þeirra sem lokið höfðu framhaldsskólanámi eða iðnnámi 36,1% og þeirra sem lokið höfðu háskólanámi voru 36%. Þegar tölurnar fyrir norðanverða Vestfirði eru teknar saman í sömu flokkum eru niðursöðurnar þar 12% sem hafa lokið grunnskólanámi, 28% hafa lokið framhaldsnámi eða iðnmenntun og 53% Háskólaprófi. Nánari flokkun á menntunarstigi þátttakenda má sjá á gröfum 6.3 og 6.4



Graf 6-3 Menntunarstig þátttakenda



Graf 6-4 Menntun svarenda eftir kyni.

Þegar hæsta menntunarstig svarenda er skoðað eftir kynjum er mestur munur á iðnnámi, grunnskólaprófi og stúdentsprófi. Karlmenntu eru þannig töluvert fleiri með iðnmenntun en konur hins vegar fleiri sem eru með stúdentspróf eða eingöngu grunnskólapróf.

6.3 Möguleiki á að vinna heima

Spurt var um möguleika fólks til að vinna heima hjá sér. Ástæðan fyrir þessu var til þess að halda möguleikanum opnum á að greina niðurstöður á ferðum fólks eftir því hvort það hefur möguleika á að vinna heima eða ekki. Því miður hefur ekki reynst tími í þessu verkefni til að vinna úr þeim niðurstöðum, en það er án vafa áhugavert að sjá þær niðurstöður. Vinnumarkaðir erlendis eru margir hverjir að færast í þá átt að bjóða fólki upp á nokkra heimavinnudaga í mánuði til þess að reyna að laða starfsfólk að sem býr lengra í burtu og er ekki ólíklegt að sú þróun eigi eftir að verða héraendis líka.

Boðið var upp á eftirfarandi svarmöguleika:

Nei, aldrei

Já, einu sinni til tvisvar í mánuði


Já þrisvar til fjórum sinnum í mánuði

Já oft en fjórum sinnum í mánuði

Já, þegar mér hentar

Já, á kvöldin og um helgar eftir að hefðbundinni vinnu á vinnustað líkur


Niðurstöður spurningarinnar sýna að karlar á Vestfjörðum virðast hafa örlítið meiri möguleika á að vinna heima hjá sér en konur. Langstærstur hluti þeirra sem svöruðu spurningunum eða milli 40 og 65% hafa þó ekki möguleika á að vinna heima.



Graf 6-5 Möguleikar svarenda á að vinna að hluta til heima hjá sér skipt niður eftir kynjum


6.4 Ferðamáti

Spurt var um ferðamáta fólks, þ.e. hvaða ferðamáta það notaði oftast í vinnuna. Niðurstöður þessarar spurningar (graf 6.6.) sýnir að 68% karla nota bílinn daglega og 59% kvenna. 32% kvenna ganga til vinnu en 25% karla ganga, 8% karla nota reiðhjól og 7% kvenna. Það sem er kannski hvað athyglisverðast að sjá er mjög lítil notkun á strætó/rútu eða 0% hjá körlum og 1% hjá konum.




Graf 6-6 Ferðamáti sem svarendur nota oftast til vinnu, skipt eftir kynjum.

Niðurstöður ferðamáta á norðanverðum Vestfjörðum var einnig borinn saman við niðurstöður úr samskonar verkefnum fyrir Norðurland (Akureyri og Húsavík), Austurland og höfuðborgarsvæðið. Áhugavert er að sjá að bílanotkun úti á landi er töluvert svipuð eða í kringum 60-65% á meðan höfuðborgarsvæðið er nærri 80% (sjá graf 6.7). Hlutfall gangandi er mjög hátt á Vestfjörðum eða um 30%, Austurland og Norðurland fylgja þar fast á eftir með 20% hlutdeild á meðan höfuðborgarsvæðið er eingöngu með 7%. Reiðhjólanotkun er svipuð í öllum landshlutum eða á bilinu 6-9%. Áhugavert er að sjá strætónotkunina en þar skera Vestfirðir sig úr með eingöngu 1% notkun. Ástæðan fyrir því helgast mögulega af slöku framboði almennt á almenningssamgöngum. En það er einnig áhugavert að sjá að lítill munur er á notkun strætó milli Norðurlands og höfuðborgarsvæðisins þó svo að strætó sé ókeypis á Akureyri. Austurlandið sker sig svo úr með strætónotkun aðallega sökum rútuaksturs til Alcoa.



Graf 6-7 Samanburður á ferðamáta fólks á milli landshluta.


Auk spurningar um val á ferðamáta oftast til vinnu, var einnig spurt hvort fólk notaði stundum aðra ferðamáta. Það skal þó tekið fram að í þessari spurningu gafst fólki tækifæri á að svara meira en einum svarmöguleika. Þannig gat einn aðili sagst stundum nota bæði reiðhjól og strætó. Ástæðan fyrir þessari spurningu var til að reyna að fá hugmynd um hversu stór hluti svaranda virðist annars vegar hafa möguleika á að nota mismunandi ferðamáta og hins vegar hafa hugarfarið til að skipta af og til um ferðamáta. Niðurstöðurnar á grafi 6.8 sýna að tæp 15% karla og rúmlega 25% kvenna nota alltaf sama ferðamáta. Þannig má áætla að á það séu á bilinu 75-85% svarenda sem eru opnir fyrir því að nota mismunandi ferðamáta. Áhugavert er að sjá að í þessari spurningu fær Strætó einnig mjög slaka svörun, sem gæti bent til þess að þjónustunni væri ábótavant.




Graf 6-8 Ferðamáti svarenda stundum til vinnu, skipt eftir kynjum.

6.5 Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu ?


Spurning 9 hljómaði þannig: "Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu, hvað væri hún langt frá heimili þínu" og valmöguleikarnir sem voru í boði voru frá 5 mínútum upp í 60+ mínútur fyrir ferðamátana bíl, strætó, reiðhjól og gangandi. Þessi spurning var lögð fyrir til að fá hugmynd um hverjar óskir fólks væri um fjarlægð til vinnu miðað við raunveruleikann sem það býr við í dag eða í raun að finna nokkurn veginn óskavegalengd þeirra til vinnu. Niðurstöðurnar fyrir þessa spurningu má sjá á gröfum 6.9-6.12.




Graf 6-9 Fjarlægð frá vinnu í bíl ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu.



Graf 6-10 Fjarlægð frá vinnu í strætó ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu.



Graf 6-11 Fjarlægð frá vinnu með Reiðhjóli ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu.




Graf 6-12 Fjarlægð frá vinnu gangandi, ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu.

Það skal tekið fram að í þessari spurningu hafði fólk val um hversu marga ferðamáta það svaraði, t.d gat einn aðili svaraði fyrir alla ferðamáta á meðan annar svaraði fyrir engöngu einn ferðamáta.


Niðurstöðurnar sýna engu að síður skýrt að fólk kysi að hafa vinnuna nálægt heimilinu ef það fengi að ráða. Þegar lítið er til einkabílsins eru um 40-50% sem svara að þau kysu að hafa vinnuna í innan við 10 mín akstursfjarlægð frá heimili. Fyrir aðra ferðamáta er fólk tilbúið að ferðast í aðeins lengri tíma eða í upp undir 20 mín, nokkrir ná upp í 30 mín en eftir 30 min ferðatíma eru einungis örfáir sem svara.

6.6 Ef þér byðist draumastarfið ?


Spurning 10 hljómaði þannig "Ef þér byðist draumastarfið, hvað væri þú tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í vinnu" Valmöguleikarnir sem voru í boði voru frá 5 mínútum upp í 60+ mínútur fyrir ferðamátana bíl, strætó, reiðhjól og gangandi. Þessi spurning var sett upp sem nokkurs konar andstaða við spurningu 9 þar sem spurt var " ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu, hvað væri hún langt frá heimilinu". Með því að spyrja um draumastarfið er verið hér að reyna að fá út úr fólki hvað væri lengsti mögulegi ferðatími sem það geti hugsað sér að nota daglega til að komast til vinnu. Þessi spurning er vissulega þeim takmörkunum háð að draumastarfið er ansi breytilegt hugtak í huga flestra og meðan það getur verið eitthvað tiltölulega raunhæft starf hjá einum getur það hjá öðrum verið einhver óraunveruleiki. Engu að síður sýnir svörin við þessari spurningu klárlega munstur í þá átt að fólk er tilbúið að ferðast lengra til vinnu daglega í draumastarfið en ef það réði staðsetningu núverandi vinnu. Niðurstöðurnar fyrir alla ferðamátana má sjá á gröfum 6.13-6.16




Graf 6-13 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í bíl fyrir draumastarfið.



Graf 6-14 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í strætó fyrir draumastarfið.



Graf 6-15 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi með reiðhjóli fyrir draumastarfið.



Graf 6-16 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi gangandi fyrir draumastarfið.

Niðurstöðurnar hér sýna að fólk er klárlega viljugra til að ferðast lengra í draumastarfið, engu að síður vill þó stærstur hluti svarenda ennþá vera undir 30 mín að komast til vinnu.


Ef litið er á alla ferðamáta má sjá að mjög lítill hluti svarenda er tilbúið að ferðast meira en 40 mín daglega til vinnu jafnvel þó svo að um draumastarf sé að ræða.

6.7 Vegir og tilfinningar


Síðustu spurningar könnunarinnar, spurningar 11 og 12 voru settar inn til að annars vegar reyna að fá huglægt mat þátttakanda almennt á nokkrum tegundum vega (malarvegur, malbik, fjallvegur, heiði, göng) og hins vegar að fá huglægt mat á ákveðnum vegköflum á norðanverðum Vestfjörðum (Bolungarvíkurgöng, Suðureyjarvegur, Gemlufallsheiði, Flateyjarvegur, Hnífsdalsvegur, Súðavíkurlíð og Vestfjarðargöng)

6.7.1 Almennt um tegundir vega


Í spurningu 11 var spurt um huglægt mat á mismunandi tegundum vega, malarvegur, malbik, fjallvegur, heiði og göng). Spurt var hversu aðlaðandi eða fráhrindandi fólki fyndist vegtegundirnar. Niðurstöðurnar má sjá á myndum 6.17-6.21 skipt niður eftir kynjum.




Graf 6-17 Malarvegur




Graf 6-18 Malbikaður vegur



Graf 6-19 Heiði



Graf 6-20 Fjallvegur



Graf 6-21 Göng

Niðurstöðurnar eru nokkuð eindregið á þá veginni að fólki finnst almennt malbikaðir vegir meira aðlaðandi en malarvegir og göng almennt meira aðlaðandi en fjallvegir og heiði. Nokkur munur er á milli kynja og finnst konum fjallvegir, heiðar og malarvegir töluvert meira fráhrindandi en körlum.


6.7.2 Vegir á norðanverðum Vestfjörðum

Í lok spurningalistans var fólk spurt um skoðun á ákveðnum vegköflum á norðanverðum Vestfjörðum. Þeir vegir sem spurt var um voru Bolungarvíkurgöng (1), Hnífsdalsvegur (2), Súðavíkurhlíð(3), Vestfjarðagöng(4), Suðureyrarvegur (5), Flateyrarvegur (6) og Gemlufallsheiði (7).




Mynd 6-1 Vegkaflar á norðanverðum Vestfjörðum sem fólk var spurt álits á.


Niðurstöður á gröfum 6.22-6.28 sýna skýrt að Súðavíkurhlíð telst vera mest fráhrindandi vegkaflinn, Gemlufallsheiði og Flateyrarvegur fylgja síðan í kjölfarið. Mest aðlaðandi vegkaflinn telst hins vegar vera Bolungarvíkurgöng. Athyglisvert er að sjá að töluerður munur er á því hvernig karlar og konur svara og finnst konum vegkaflarnir almennt meira fráhrindandi en körlum. Þessar niðurstöður ríma nokkuð vel við niðurstöður af Austurlandi og Norðurlandi sem benda til þess að konum þyki krefjandi vegkaflar almennt meira fráhrindandi en körlum.




Graf 6-22 Bolungarvíkurgöng




Graf 6-23 Hnífsdalsvegur




Graf 6-24 Súðavíkurlíð




Graf 6-25 Vestfjarðagöng



Graf 6-26 Suðureyrarvegur



Graf 6-27 Flateyrarvegur



Graf 6-28 Gemlufallsheiði

6.8 Annað

Í lok spurningalistans var þátttakendum boðið upp á að skrifa almennar athugasemdir. Margir nýttu sér þann valmöguleika en þeir sem það gerðu komu með áhugaverð innlegg. Hér fyrir neðan er birtur stuttur listi yfir athugasemdir:

- Samgöngur á Vestfjörðum eru agalegar!
- Vestfjarðagöng þarf að tvöfalda, stórhætta yfir sumarmánuðina
- Varnarmannvirki, göng og nýir vegir eru vel nýtt hér fyrir vestan
- Akstur um Vestfirði frábærir allt árið - þar sem er þjónusta!
- Betri samgöngur milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða
- Súðarvíkurhlíð er afar hættuleg
- Stjórnvöld ættu að heimila Vegagerðinni að gera 50 ára áætlun um jarðgangagerð á Íslandi, þar sem mikilvægi og forgangur verkefna væri skilgreindur líkt og gert hefur verið í rammaáætlun um virkjanakosti.
- Fráhrindandi að Vestfjarðagöng séu einbreið
- Vantar göng milli Súðavíkur og Ísafjarðar
- Við viljum göng til Súðavíkur
- Óshlíð var mjög fráhrindandi og Bolungarvíkurgöng því mjög þörf
- Vestfjarðagöng eiga að vera tvíbreið
- Bara val um einn ferðamáta (bíl), vantar að hafa val um fleiri ferðamáta
- Jarðgöng eru nauðsynleg á Vestfjörðum
- Byrja strax á Dýrafjarðargöngum og Súðavíkurgöngum
- Vantar betra viðhald á vegum, ekki bara skammtímalausnir
- Snjóflóðahætta aðalvandamálið hérna

- Vestfjarðagöng þyrfti að gera tvöföld alla leið
- Vildi gjarnan að firðirnir á Vestfjörðum væru merktir, t.d Skötufjörður, Hestfjörður osfrv. Það myndi hjálpa fólki að átta sig á hvar það er statt.
- Jarðgöng milli Ísafjarðar og Súðavíkur eru nauðsynleg
- Göng til Súðavíkur þurfa að koma sem fyrst
- Flutti til Ísafjarðar til að vera nær allri þjónustu og geta ferðast um allt á reiðhjól, þess vegna eru heiðar og göng mjög fráhrindandi.
- Finnst skipta miklu máli að búa nærri vinnustað
- Mjög aðlaðandi að fá Dýrafjarðargöng
- Vinn í 45 km fjarlægð frá heimili og hef gert í mörg ár
- Er í draumastarfi og vinn heima hjá mér. Allt annað fráhrindandi í mínum huga
- Öll göng væru aðlaðandi miðað við núverandi aðstæður
- Strætóferðir fáar og henta ekki óreglulegum vöktum. Maður er því háður einkabílnum.
- Ég er eingöngu eina mínútu að komast til vinnu
- Tekur mig tvær mínútur að komast til vinnu
- Vantar hleðslustöðvar fyrir rafbíla víða um land, hindrun fyrir fólk að kaupa rafbíl að hafa ekki hleðslustöðvar
- Fleiri göng á Vestfirði, Súðavíkurhlíð er dauðagildra
- Göng til Súðavíkur í forgang
- Göng eru málið
- Malarvegir að heimkynnum fólks eiga að heyra fortíðinni til.
- Í vetrarfærð er t.d leiðin frá Flateyri til Ísafjarðar mjög erfið þrátt fyrir göng, bæði niður dalinn og ströndina. Flateyrargöngin eru líka mjög leiðinlega á sumrin vegna áttavilltra og hægfara túrista.
- Þarf að efla strætósamgöngur, það er t.d. ekki hægt að nota hann til að fara í Bónus frá Eyrinni.
- Ef ég þyrfti ekki að koma börnum á leikskóla myndi ég alltaf fara labbandi eða hjólandi í vinnuna.
- Vinnan hefur líka áhrif á búsetu í grennd
- Það er gott að búa á Vestfjörðum
- Nauðsynlegt að efla almenningsamgöngur
- Ef mokstur og sandburður er í lagi á þessum vegum er maður ekki eins hræddur að keyra þetta. Vegagerðin má alveg standa sig betur í því alls staðar


Þegar litið er yfir öll svörin er nokkuð ljóst að Súðavíkurhlíð er nefnd oftast sem hættulegur vegkafli eða átta sinnum. Önnur atriði sem koma oft fyrir eru m.a. Vestfjarðargöng og sú staðreynd að þau eru að hluta til einbreið og einnig skortur á strætósamgöngum.

7 Ferðamynstur

Megintilgangur verkefnisins voru spurningar um búsetu og starfsstöð fólks, til að fá hugmynd um ferðamynstur (e. Commuting patterns) og geta út frá því skilgreint vinnusóknarsvæði. Til þess að gæta að persónuvernd fór úrvinnsla niðurstaðna þannig fram að svörum var safnað í póstnúmer. Póstnúmer fyrir norðanverða Vestfirði skiptast á eftirfarandi hátt:

- Póstnúmer 400 – Ísafjörður
- Póstnúmer 415 – Bolungarvík
- Póstnúmer 410 – Hnífsdalur
- Póstnúmer 420 – Súðavík
- Póstnúmer 430 – Suðureyri
- Póstnúmer 425 – Flateyri
- Póstnúmer 470 – Þingeyri

Orðið ferðamynstur vísar til þess hversu langt fólk ferðast á milli heimilis og vinnustaðar og er í raun hægt að skipta í tvö undirheiti - vinnusóknarmynstur og búsetumynstur. Vinnusóknarmynstur er þannig mynstur fyrir hvar fólk vinnur miðað við staðsetningu heimilis, t.d. hvernig lítur vinnusóknarmynstur út fyrir þá sem búa á Ísafirði. Búsetumynstur er hins vegar í hina áttina þeas. mynstur fyrir hvar fólk býr miðað við vinnustað, t.d. hvernig lítur búsetumynstur út fyrir starfsfólk Bónus á Ísafirði. Í þessu verkefni eru bæði sýnt vinnusóknarmynstur og búsetumynstur fyrir bæjarkjarnana sjö sem voru viðfangsefni þessa verkefnis



Mynd 7-1 Póstnúmer á norðanverðum Vestfjörðum

7.1 Ísafjörður – Vinnusóknarmynstur

Vinnusóknarmynstur fyrir Ísafjörð sýnir hvar íbúar Ísafjarðar vinna. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru 184 sem búa á Ísafirði.

Í töflu 7.1 er tekið saman yfirlit yfir vinnusóknarmynstur þeirra sem búa í pósthúmeri 400.


Hvar vinna þeir sem búa í pósthúmeri 400?			
Pósthúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	176	73	103
410	0	0	0
415	8	2	6
420	0	0	0
425	0	0	0
430	0	0	0
470	0	0	0
Samtals	184	75	109

Tafla 7-1 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í pósthúmeri 400

Á mynd 7.2 er vinnusóknarmynstur Ísafjarðar sýnd grafískt. Eingöngu er sýndur heildarfjöldi en ekki skipt niður á kyn þar sem þátttaka kynjanna í verkefninu var töluvert ójöfn. Af þeim 184 sem tóku þátt í verkefninu og búa á Ísafirði eru heil 96% sem vinna einnig á Ísafirði, hin 4% vinna í Bolungarvík. Erfiðlega gekk að fá svör frá fólki sem vinnur í hinum bæjarkjörnunum og því má gera ráð fyrir að einhver hluti íbúa Ísafjarðar vinni í hinum bæjarkjörnunum líka. Engu að síður sýna niðurstöðurnar að langflestir íbúar Ísafjarðar vinna einnig á Ísafirði.

Þegar kemur að því að túlka vinnusóknarsvæði út frá vinnusóknarmynstri kemur upp spurning um við hvað á að miða. Á t.d. að telja Bolungarvík sem vinnusóknarsvæði Ísafjarðar út af því að 4% svarenda vinna þar? Í sams konar verkefnum sem unnin hafa verið á Austurlandi og Norðurlandi var unnið með þá skilgreiningu að miða við svæði þar sem 90% af íbúum sækir vinnu daglega. Ennfremur var ákveðið að fyrir þau 10% sem eftir standa, að ef meira en helmingur þeirra ynni á einum stað myndi sá staður einnig telja með.

Miðað við þessa skilgreiningu er Bolungarvík því á mörkunum að teljast sem vinnusóknarsvæði íbúa Ísafjarðar.



Mynd 7-2 Ísafjörður – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í póstinúmeri 400

Helstu niðurstöður vinnusóknarmynsturs fyrir Ísafjörð eru þær að langflestir íbúar eru að ferðast innan bæjarkjarnans til vinnu eða 96%. Þetta mynstur rímar ágætlega við svör úr kafla 6.5 þar sem yfirgnæfandi meirihluti segist eingöngu vera tilbúinn að nota að hámarki 10-15 mín til að ferðast til vinnu ef þeir réðu staðsetningu vinnunar.

7.2 Ísafjörður - Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir Ísafjörð sýnir hvað ríflíki sem vinnur á Ísafirði býr. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru 206 sem vinna á Ísafirði. Í töflu 7.2 er tekið saman yfirlit yfir hvar þessir 206 aðilar búa, skipt niður eftir kynjum.

Hvar búa þeir sem vinna í póstnúmeri 400?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	176	73	103
410	7	2	5
415	14	5	9
420	2	1	1
425	6	5	1
430	0	0	0
470	1	0	1
Samtals	206	86	120

Tafla 7-2 Yfirlit yfir hvar folk býr sem vinnur í póstnúmeri 400

Á myndum 7.3 eru búsetumynstur Ísafjarðar sýnd grafískt. Eingöngu er sýndur heildarfjöldi en ekki skipt niður á kyn þar sem þátttaka kynjanna í verkefninu var töluvert ójöfn. Eins og útskýrt hefur verið áður er hér eingöngu sýnt mynstur fyrir svæði þar sem 90% íbúa sækja vinnu daglega og fyrir stök svæði sem eru stærri en 5%.



Mynd 7-3 Búsetumynstur(%) fyrir þá sem vinna í póstnúmeri 400

Búsetumynstur Ísafjarðar lítur því þannig út að 85% af þeim sem vinna á Ísafirði búa einnig á Ísafirði, 7% búa í Bolungarvík, 3% í Hnífsdal, 3% á Flateyri og 1% í Súðavík.

Þegar vinnusóknarmynstur og búsetumynstur fyrir Ísafjörð eru skoðuð saman sést að nokkur munur er á þeim. Þetta helgast af því að Ísafjörður dregur íbúa annarra bæjarkjarna að sér til að sækja vinnu í meira mæli en hinum bæjarkjörnunum tekst að draga íbúa Ísafjarðar til sín vegna atvinnu.

7.3 Bolungarvík – Vinnusóknarmynstur


Vinnusóknarmynstur fyrir Bolungarvík sýnir hvar íbúar Bolungarvíkur vinna. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru 39 sem búa í Bolungarvík.

Hvar vinna þeir sem búa í póstnúmeri 415?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	14	5	9
410	1	0	1
415	24	6	18
420	0	0	0
425	0	0	0
430	0	0	0
470	0	0	0
Samtals	39	11	28

Tafla 7-3 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í póstnúmeri 415

Á mynd 7.4 eru vinnusóknarmynstur þátttakenda sem búa í Bolungarvík sýnd grafískt. Áfram er beitt þeirri skilgreiningu að eingöngu er sýnt mynstur fyrir svæði þar sem 90% íbúa sækja vinnu daglega. Ef að helmingur af þeim 10% sem út af standa vinna á einum ákveðnum stað er sá staður einnig talinn með. Niðurstöður fyrir íbúa í Bolungarvík (póstnúmer 415) sýna að 62% af þeim vinna einnig í póstnúmeri 415, 36% vinna á Ísafirði (pnr 400) og 2% vinna í Hnífsdal (pnr 410). Á mynd 7.4 er því eingöngu sýnd niðurstaða fyrir 98% íbúanna. Þetta þýðir að Ísafjörður telst klárlega vera vinnusóknarsvæði fyrir íbúa Bolungarvíkur. Þó svo að eingöngu 2% íbúa Bolungarvíkur sækja vinnu í Hnífsdal verður hann einnig að teljast sem vinnusóknarsvæði íbúa Bolungarvíkur í þessu verkefni þar sem Hnífsdalur liggur á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Hnífsdalur er hins vegar næstminnsti bæjarkjarninn á svæðinu með eingöngu 194 íbúa og atvinnutækifæri væntanlega ekki mörg.

Vegalengdin milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur er um 15 km og tekur um 20 mín að keyra



Mynd 7-4 Bolungarvík – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í pósthúsi 415

7.4 Bolungarvík – Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir Bolungarvík sýnir hvar fólk sem vinnur í Bolungarvík býr. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru 30 sem vinna í Bolungarvík.

Hvar búa þeir sem vinna í póstnúmeri 415?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	6	0	6
410	0	0	0
415	24	6	18
420	0	0	0
425	0	0	0
430	0	0	0
470	0	0	0
Samtals	30	6	24

Tafla 7-4 Yfirlit yfir hvar fólk býr sem vinnur í póstnúmeri 415

Á mynd 7-5 er búsetumynstur Bolungarvíkur sýnt grafískt. Eingöngu er sýndur heildarfjöldi en ekki skipt niður á kyn þar sem þátttaka kynjanna í verkefninu var töluvert ójöfn. Eins og útskýrt hefur verið áður er hér sýnt mynstur fyrir svæði þar sem 90% íbúa sækja vinnu daglega og fyrir stök svæði sem eru stærri en 5%.



Mynd 7-5 Búsetumynstur(%) fyrir þá sem vinna í pósthúsi 415

Þegar vinnusóknarmynstur og búsetumynstur fyrir Bolungarvík eru skoðuð saman sést að nokkur munur er á þeim. Þetta helgast af því að Bolungarvík dregur íbúa annarra bæjarkjarna að sér til að sækja vinnu í minna mæli en hinum bæjarkjörnunum (aðallega Ísafjörður) tekst að draga íbúa Bolungarvíkur til sín vegna atvinnu.

7.5 Hnífsdalur – Vinnusóknarmynstur

Vinnusóknarmynstur fyrir Hnífsdal sýnir hvar íbúar Hnífsdals vinna. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru 7 sem búa í Hnífsdal. Úrtakið er því lítið eða eingöngu um 6% af vinnandi fólki og er því nauðsynlegt að skoða niðurstöður með tilliti til þess

Hvar vinna þeir sem búa í pósthúnum 410?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	7	2	5
410	0	0	0
415	0	0	0
420	0	0	0
425	0	0	0
430	0	0	0
470	0	0	0
Samtals	7	2	5

Tafla 7-5 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í pósthúnum 415

Niðurstöður verkefnisins sýna að allir þátttakendur sem búa í Hnífsdal vinna á Ísafirði. Raunveruleikinn er hins vegar sá að einhverjir íbúar Hnífsdals eru einnig að vinna í Hnífsdal þó svo að það komi ekki fram hjá þátttakendum verkefnisins. Niðurstöður benda þess vegna sterklega í þá átt að Hnífsdalur sé í raun nokkurs konar úthverfi Ísafjarðar, enda eru eingöngu um 6 km vegalengd á milli bæjarkjarnanna. Á mynd 7.6 eru vinnusóknarmynstur þátttakenda sem búa í Hnífsdal sýnd grafískt



Mynd 7-6 Hnífsdalur–vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í pósnúmeri 410. Ath: úrtak lítið

7.6 Hnífsdalur – Búsetumynstur

Eingöngu einn þátttakandi í verkefninu var með skráða vinnu í Hnífsdal og úrtakið því ekki talið marktækt til að birta sér niðurstöður fyrir.

7.7 Súðavík – Vinnusóknarmynstur


Vinnusóknarmynstur fyrir Súðavík sýnir hvar íbúar Súðavíkur vinna. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru sjö sem búa í Súðavík. Úrtakið er því lítið eða eingöngu um 7% af vinnandi fólki og er því nauðsynlegt að skoða niðurstöður með tilliti til þess, en þess má einnig geta að Súðavík er fámennasti bæjarkjarninn á svæðinu með eingöngu 173 íbúa, þar af eru 101 á vinnualdri.

Hvar vinna þeir sem búa í póstnúmeri 420?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	2	1	1
410	0	0	0
415	0	0	0
420	5	0	5
425	0	0	0
430	0	0	0
470	0	0	0
Samtals	7	1	6

Tafla 7-6 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í póstnúmeri 420

Á mynd 7.7 eru vinnusóknarmynstur þátttakenda sem búa í Súðavík sýnd grafískt. Niðurstöður fyrir íbúa í Súðavík (póstnúmer 420) sýna að 71% af þeim vinna einnig í póstnúmeri 420 og 29% vinna á Ísafirði (pnr 400).

Vegalengdin milli Ísafjarðar og Súðavíkur er um 20 km og tekur rúmar 20 mín að keyra. Á þessum vegkafla er þó Súðavíkurhlíð sem telst einn hættulegasti vegkafla landsins sökum snjóflóðahættu og grjóthruns.



Mynd 7-7 Súdavík – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í pósnúmeri 420. Ath: úrtak lítið


7.8 Súðavík – Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir Súðavík sýnir hvar fólk sem vinnur í Súðavík býr. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru fimm sem vinna í Súðavík og allt konur. Úrtakið er því lítið eða eingöngu um 5% af vinnandi fólki og ber því að skoðast í ljósi þess.

Hvar búa þeir sem vinna í póstnúmeri 420?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	0	0	0
410	0	0	0
415	0	0	0
420	5	0	5
425	0	0	0
430	0	0	0
470	0	0	0
Samtals	5	0	5

Tafla 7-7 Yfirlit yfir hvar fólk býr sem vinnur í póstnúmeri 420

Á mynd 7-8 er búsetumynstur Súðavíkur sýnt grafískt, þar sem sést að allir þátttakendur verkefnisins sem að vinna í Súðavík búa einnig í Súðavík.



Mynd 7-8 Búsetumynstur(%) fyrir þá sem vinna í pósnúmeri 420

Þegar vinnusóknarmynstur og búsetumynstur fyrir Súðavík eru skoðuð saman sést að nokkur munur er á þeim. Þetta helgast af því að Súðavík dregur íbúa annarra bæjarkjarna að sér til að sækja vinnu í minna mæli en hinum bæjarkjörnum (aðallega Ísafjörður) tekst að draga íbúa Súðavíkur til sín vegna atvinnu.

7.9 Suðureyri – Vinnusóknarmynstur

Vinnusóknarmynstur fyrir Suðureyri sýnir hvar íbúar Suðureyrar vinna. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru eingöngu þrír sem búa á Suðureyri, eða eingöngu 1,7 % af vinnandi fólki. Niðurstöður teljast því vart marktækar en eru engu að síður birtar hér til upplýsingar. Það skal tekið fram að gerðar voru þrjár tilraunir til að afla fleiri svara frá íbúum Suðureyrar, gengið var í fyrirtæki í tvígang og síðan hringt í kjölfarið. Undirtektir voru yfirleitt jákvæðar en svörun fylgdi ekki í kjölfarið. Mikið virtist vera um erlenda starfsmenn og var því boðið upp á spurningalista á ensku en það dugði því miður ekki til.

Hvar vinna þeir sem búa í póstnúmeri 430?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	0	0	0
410	0	0	0
415	0	0	0
420	0	0	0
425	0	0	0
430	3	1	2
470	0	0	0
Samtals	3	1	2

Tafla 7-8 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í póstnúmeri 430

Á mynd 7.9 eru vinnusóknarmynstur þátttakenda sem búa á Suðureyri sýnd grafískt. Niðurstöður sýna að allir þátttakendur verkefnisins sem búa á Suðureyri vinna líka á Suðureyri.

Vegalengdin milli Ísafjarðar og Suðureyrar er um 23 km og tekur um 25 mín að keyra um Vestfjarðagöng.



Mynd 7-9 Suðureyri – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í póstnúmeri 430. Ath. úrtak lítið.

7.10 Suðureyri – Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir Suðureyri sýnir hvar fólk sem vinnur á Suðureyri býr. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru eingöngu 3 sem vinna á Suðureyri eða 1,7% af vinnandi fólki og telst niðurstaða því varla marktæk og er hér sýnd eingöngu til upplýsingar.

Hvar búa þeir sem vinna í pósthúnum 430?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	0	0	0
410	0	0	0
415	0	0	0
420	0	0	0
425	0	0	0
430	3	1	2
470	0	0	0
Samtals	3	1	2

Tafla 7-9 Yfirlit yfir hvar fólk býr sem vinnur í pósthúnum 430

Á mynd 7-10 er búsetumynstur Suðureyrrar sýnt grafískt. Sökum dræmrar þáttöku í þessum bæjarkjarna eru búsetumynstur alveg þau sömu og vinnusóknarmynstur.



Mynd 7-10 Búsetumynstur(%) fyrir þá sem vinna í pósthúnum 430. Ath. úrtak lítið.

7.11 Flateyri – Vinnusóknarmynstur

Vinnusóknarmynstur fyrir Flateyri sýnir hvar íbúar Flateyrar vinna. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru 11 sem búa á Flateyri eða 9% af vinnandi fólki.

Hvar vinna þeir sem búa í pósthúmi 425?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	6	5	1
410	0	0	0
415	0	0	0
420	0	0	0
425	5	1	4
430	0	0	0
470	0	0	0
Samtals	11	6	5

Tafla 7-10 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í pósthúmi 425

Á mynd 7.11 eru vinnusóknarmynstur þátttakenda sem búa á Flateyri sýnd grafískt, þar sem 45% íbúa Flateyrar vinna einnig á Flateyri. Hin 55% vinna á Ísafirði. Vegalengdin milli Ísafjarðar og Flateyrar er um 23 km og tekur um 25 mín að keyra



Mynd 7-11 Flateyri – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í pósthúmi 425

7.12 Flateyri – Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir Flateyri sýnir hvar fólk sem vinnur á Flateyri býr. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru eingöngu fimm sem vinna á Flateyri. Úrtakið er því lítið eða eingöngu um 4% af vinnandi fólki og er því nauðsynlegt að skoða niðurstöður með tilliti til þess.

Hvar búa þeir sem vinna í pósthúnum 425?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	0	0	0
410	0	0	0
415	0	0	0
420	0	0	0
425	5	1	4
430	0	0	0
470	0	0	0
Samtals	5	1	4

Tafla 7-11 Yfirlit yfir hvar fólk býr sem vinnur í pósthúnum 425

Á mynd 7-12 er búsetumynstur Flateyrar sýnt grafískt. Eingöngu er sýndur heildarfjöldi en ekki skipt niður á kyn þar sem þátttaka kynjanna í verkefninu var töluvert ójöfn.



Mynd 7-12 Flateyri - Búsetumynstur(%) fyrir þá sem vinna í pósthúnum 425

Þegar vinnusóknarmynstur og búsetumynstur fyrir Flateyri eru skoðuð saman sést að nokkur munur er á þeim. Þetta helgast af því að Flateyri dregur íbúa annarra bæjarkjarna að sér til að sækja vinnu í minna mæli en hinum bæjarkjörnum (aðallega Ísafjörður) tekst að draga íbúa Flateyrar til sín vegna atvinnu.

7.13 Þingeyri – Vinnusóknarmynstur

Vinnusóknarmynstur fyrir Þingeyri sýnir hvar íbúar Þingeyrar vinna. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru fimm sem búa á Þingeyri og allt konur. Úrtakið er því lítið eða eingöngu um 4% af vinnandi fólki og er því nauðsynlegt að skoða niðurstöður með tilliti til þess.

Hvar vinna þeir sem búa í póstnúmeri 470?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	1	0	1
410	0	0	0
415	0	0	0
420	0	0	0
425	0	0	0
430	0	0	0
470	4	0	4
Samtals	5	0	5

Tafla 7-12 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í póstnúmeri 470

Á mynd 7.13 eru vinnusóknarmynstur þátttakenda sem búa á Þingeyri sýnd grafískt. Vegalengdin milli Ísafjarðar og Þingeyrar er um 49 km og tekur um 43 mín að keyra



Mynd 7-13 Þingeyri – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í póstnúmeri 470. Ath. úrtak lítið.


7.14 Þingeyri– Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir Þingeyri sýnir hvar fólk sem vinnur á Þingeyri býr. Af 261 þátttakendum í verkefninu voru eingöngu fimm sem vinna á Þingeyri. Úrtakið er því lítið eða eingöngu um 4% af vinnandi fólki og er því nauðsynlegt að skoða niðurstöður með tilliti til þess.

Hvar búa þeir sem vinna í póstnúmeri 470?			
Póstnúmer	Samtals	Karlar	Konur
400	1	0	1
410	0	0	0
415	0	0	0
420	0	0	0
425	0	0	0
430	0	0	0
470	4	0	4
Samtals	5	0	5

Tafla 7-13 Yfirlit yfir hvar folk býr sem vinnur í póstnúmeri 415


Á mynd 7-10 er búsetumynstur Þingeyrar sýnt grafískt. Sökum dræmrar þáttöku í þessum bæjarkjarna eru búsetumynstur alveg þau sömu og vinnusóknarmynstur. Það skal þó tekið fram að vegalengdin frá Þingeyri að næsta bæjarkjarna sem er Flateyri er töluverð eða um 40 km og liggur um Gemlufallsheiði. Vegalengdin til Ísafjarðar er 49 km. Þegar þessar staðreyndir eru skoðaðar með hliðsjón af svörum þátttakenda í köflum 6.5-6.6 þar sem spurt um óskavegalengdir í núverandi vinnu og draumastarf kemur skýrt fram að almennt vill fólk hafa vinnuna nálægt heimili og fáir í raun tilbúnir til að keyra meira en 20 mín til vinnu. Ef þetta er einnig skoðað með hliðsjón af svörum fólks í kafla 6.7 um tilfinningar þess til m.a. Gemlufallsheiðar kemur í ljós að 90% kvenna finnst hún nokkuð eða mjög fráhrindandi og 60% karla. Út frá þessum niðurstöðum mætti búast við því að stærsti hluti íbúa Þingeyrar vinni einnig á Þingeyri einfaldlega sökum fjarlægðar í næstu bæjarkjarna.



Mynd 7-14 Þingeyri - Búsetumynstur(%) fyrir þá sem vinna í pósnúmeri 470

8 Niðurstöður - Vinnusóknarsvæði

Tilgangur verkefnisins var að rannsaka búsetu starfsfólks á vinnustöðum á norðanverðum Vestfjörðum, til að fá hugmynd um vinnusóknarsvæði fólks út frá ferðamynstri þeirra. Hugtakið vinnusóknarsvæði hefur verið notað frá því árið 2008 þegar kort yfir vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Íslandi var sett fram í samstarfi Bygðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Kortið var síðan uppfært árin 2011 og 2014 (heimild: www.byggdastofnun.is)



Mynd 8-1 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014


Skilgreiningin á vinnusóknarsvæði var samkvæmt þessu korti svæði þar sem fólk sækir vinnu daglega. Tilgangurinn með kortinu var að finna eðlilegri viðmiðunarsvæði um vinnusókn en sveitarfélög eða landshluta. Verklagið við skilgreiningu á svæðunum var einfalt og byggt á staðarþekkingu og upplýsingaöflun starfsmanna atvinnuþróunarfélaganna (Heimild: www.byggdastofnun.is). En þrátt fyrir einfaldar reglur var greining á svæðunum ekki einhlít því mörk sumra samliggjandi vinnusóknarsvæða eru óskýr og sum svæði skarast. Út frá þessarri vinnu voru norðanverðir Vestfirðir skilgreindir sem eitt vinnusóknarsvæði:

Nr 6 (sjá mynd 8.1) Ísafjörður – svæði þéttbýlisstaða á norðanverðum Vestfjörðum, Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Súðavíkur.


Í þessu verkefni líkt og sambærilegu verkefni sem unnið var fyrir Mið-Austurland árið 2015 og Norðurland árið 2016 vaknar upp sú spurning um hvernig maður eigi nákvæmlega að skilgreina vinnusóknarsvæði, hvað eigi eiginlega að miða við. Telst t.d Neskaupsstaður vinnusóknarsvæði fyrir Egilsstaði út af því að 0,5% íbúa Egilsstaða vinnur á Neskaupsstað? Flestir myndu sennilega svara því neitandi. Eins og áður hefur komið fram var út frá gögnum fyrir Austurland ákveðið að skilgreina vinnusóknarsvæðin sem þau svæði þar sem 90% af íbúunum vinna. Einnig var ákveðið að fyrir þau 10% sem eftir standa, að ef meira en helmingur þeirra ynni á einum stað myndi sá staður telja með í vinnusóknarsvæði. Þessari sömu skilgreiningu var beitt í verkefni fyrir Norðurland og er einnig beitt í þessu verkefni fyrir norðanverða Vestfirði.

Niðurstöður þessa verkefnis sýna það skýrt að Ísafjörður er vinnusóknarsvæði fyrir bæjarkjarnana í kring, þ.e. Bolungarvík, Hnífsdal, Súðavík og Flateyri. Vegna fámenns úrtaks frá Suðureyri birtist þorpið eingöngu sem sitt eigið vinnusóknarsvæði, en þar sem vegalengd til Ísafjarðar er eingöngu 23 km má fastlega gera ráð fyrir að eitthvað af íbúum Suðureyrar sækji vinnu til Ísafjarðar.

Þingeyri er líka með fámennit úrtak og kemur líkt og Suðureyri bara út sem sitt eigið vinnusóknarsvæði (enginn sem vinnur utan bæjarkjarnans) en ólíkt Suðureyri er töluvert löng vegalengd (49 km/40 mín) í Ísafjörð og því hæpið að telja Ísafjörð sem vinnusóknarsvæði Þingeyrar. Ef skoðuð eru svör þátttakenda við almennum spurningum í kafla 6, þar sem fólk var annars vegar spurt " ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu, hvað væri hún langt frá heimilinu" og hins vegar "Ef þér byðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í vinnu" þar sem annars vegar er verið að fá hugmynd um hvað fólki finnst raunhæft að ferðast langt til vinnu og hins vegar að fá út úr fólki hvað væri lengsti mögulegi ferðatími sem það gæti hugsað sér að nota daglega til að komast til vinnu, kemur í ljós að vilji fólk til að ferðast er töluvert styttri en fjarlægðin milli Þingeyrar og Ísafjarðar. Flestir svöruðu spurningunum þannig að þeir væru eingöngu tilbúnir til að ferðast um 5-10 mín í bíl og upp undir 20 mín með öðrum ferðamátum. Svörin teygðust reyndar upp í 30 mín fyrir spurningu um draumastarfið. Á gröfum 8.1 og 8.2 má sjá svörin fyrir einkabílinn. Hér skal tekið fram að fólki var í sjálfsvald sett hvort það svaraði eingöngu fyrir einn ferðamáta eða fyrir alla. Ef þetta er er einnig skoðað með hliðsjón af svörum fólks í kafla 6.7 um tilfinningar þess til m.a. Gemlufallsheiðar kemur í ljós að 90% kvenna finnst hún nokkuð eða mjög fráhrindandi og 60% karla. Út frá þessum niðurstöðum er því í raun á brattann að sækja fyrir Þingeyri að tilheyra nokkru öðru vinnusóknarsvæði en sjálfu sér.



Graf 8-1 Fjarlægð frá vinnu í bíl ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu.



Graf 8-2 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í bíl fyrir draumastarfið.

Það er einnig athyglisvert að sjá að þó svo að Ísafjörður teljist vinnusóknarsvæði allra hinna bæjarkjarnanna fyrir utan Þingeyri er ekki hægt að segja það sama í gagnstæða átt, litlu bæjarkjarnarnir teljast ekki vinnusóknarsvæði Ísafjarðar. Þetta þýðir í raun að íbúar Ísafjarðar eru ekki mikið að sækja vinnu utan bæjarins, eini staðurinn sem kemst næst því er Bolungarvík, þar sem 4% íbúa Ísafjarðar sækja vinnu til Bolungarvíkur.

Niðurstöður þessa verkefnis staðfesta því ekki niðurstöður Bygðastofnunar um að allt svæðið geti túlkast sem eitt vinnusóknarsvæði, heldur benda í þá átt að um tvö svæði sé að ræða.

1. Ísafjörður, Bolungarvík, Hnífsdalur, Flateyri, Suðureyri og Súðavík
2. Þingeyri

9 Viðauki 1 – Spurningalistinn

* 1. Kyn?

- Karl
 Kona

2. Á hvaða aldri ert þú ?

* 3. Hvar er vinnustaður þinn?

Vinsamlegast tilgreindu götuheiti og/eða póstnúmer, t.d. Silfurgata og 400. Ef þú vinnur á mismunandi stöðum, tilgreindu þá þann vinnustað sem þú eyðir meirihluta vinnudags þíns á.

Götuheiti

Póstnúmer

* 4. Hvar býrðu?

Vinsamlegast tilgreindu götuheiti og/eða póstnúmer, t.d. Holtagata og 420.

Götuheiti

Póstnúmer

* 5. Hvað er hæsta stig menntunar þinnar ?

- Grunnskólapróf
 Lönnám eða verknám
 Stúdentspróf
 Háskólapróf B.Sc, B.A gráða eða sambærilegt
 M.Sc, M.A. Phd gráða eða sambærilegt
 Annað

* 6. Hefur þú möguleika í núverandi vinnu á að vinna heima hjá þér ?

- Nei
 Já - einu sinni til tvisvar í mánuði
 Já - þrisvar til fjórum sinnum í mánuði
 Já - oftar en fjórum sinnum í mánuði
 Já þegar mér hentar
 Já - á kvöldin og um helgar eftir hefðbundna vinnuviku á vinnustaðnum sjálfum.

* 7. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til vinnu?

- Bill
- Strætó/Rúta
- Mótorhjól
- Reiðhjól
- Gangandi

* 8. Notar þú einhvern af neðangreindum ferðamátum stundum til vinnu í staðinn fyrir þann ferðamáta sem þú notar oftast? (hér má merkja við meira en einn valkost)

- Bill
- Strætó/Rúta
- Mótorhjól
- Reiðhjól
- Gangandi
- Nota alltaf sama ferðamát og í spurningu 7

* 9. Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu þinnar, hvað væri vinnan langt frá heimili þínu að hámarki? Dæmi: Þú vildir að hámarki geta gengið í 30 mín eða hjólað í 50 mín, þá merkirðu eingöngu við "Gangandi 30mín" og "Reiðhjól 50 mín"

	5 mín	10 mín	15 mín	20 mín	30 mín	40 mín	50 mín	60 mín eða meira
Bill	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Strætó/hópferðabifreið	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Reiðhjól	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gangandi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

10. Ef þér býðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast lengi á hverjum degi í vinnuna að hámarki?

Dæmi: Þú værir tilbúinn að keyra í bíl í 30 mín eða taka strætó í 60 mín að hámarki, þá merkirðu eingöngu við "Bill 30 mín" og "Strætó 60 mín" (ef þú ert í draumastarfinu nú þegar geturðu sleppt því að svara þessarri spurningu)

	5 mín	10 mín	15 mín	20 mín	30 mín	40 mín	50 mín	60 mín eða meira
Bill	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Strætó/hópferðabifreið	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Reiðhjól	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gangandi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

* 11. Hversu aðlaðandi eða fráhrindandi væru eftirfarandi samgöngumannvirki fyrir þig ef þú þyrftir að ferðast um þau á hverjum degi ?

	Mjög aðlaðandi	Frekar aðlaðandi	Hlutlaus - skiptir mig ekki máli	Nokkuð fráhrindandi	Mjög fráhrindandi
Fjallvegur (snjóflóðahætta)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Heiði	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Göng	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Malbikaður vegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Malarvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

* 12. Hversu aðlaðandi eða fráhrindandi væru eftirfarandi samgöngumannvirki fyrir þig ef þú þyrftir að ferðast um þau á hverjum degi ?

	Mjög aðlaðandi	Frekar aðlaðandi	Hlutlaus - skiptir mig ekki máli	Nokkuð fráhrindandi	Mjög fráhrindandi
Bolungarvíkurgöng	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Suðureyrarvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Flateyrarvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gemlufallsheiði	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Hnífsdalsvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Súðavíkurhlíð	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Vestfjarðargöng	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

13. Annað sem þú vilt koma á framfæri ?